

Sent í umsagnagátt Alþingis
Reykjavík, 21. mars 2024

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
v.t. Bryndís Haraldsdóttir, formaður

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 (starfslok óbyggðanefndar o.fl.), 737. mál – 154. löggjafarþing 2023-2024.

Í ljósi þeirra ótæku vinnubragða sem Óbyggðanefnd hefur viðhaft vegna krafna sem taka til allra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga utan meginlandsins en innan landhelginnar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru, að undanskildum tilteknum eyjum eða hlutum þeirra (svæði 12) leggja samtökin til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu sem felli alfarið út heimildir vegna kröfugerðar á svæði 12. Að öðrum kosti verði Óbyggðanefnd gert skylt að lögum að gera skýrari kröfur til ákveðinna, tiltekinna og nákvæmlega staðsettra, eyja og skerja. Erfitt og jafnvel ómögulegt er fyrir bændur sem eiga land að sjó að gera sér grein fyrir kröfugerð Óbyggðanefndar í núverandi mynd. Kröfugerðin er bæði óskýr og ómarkviss sem mun gera bændum erfitt að verjast kröfum nefndarinnar.

Jafnframt leggja samtökin til að 2. gr. frumvarpsins sem varðar almenninga í stöðuvötnum verði felld út. Flókið og kostnaðarsamt er fyrir landeigendur sem oft á tíðum eru bændur að verjast slíkum kröfum, en eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu getur verið erfitt fyrir landeigendur að sanna eignarrétt sinn í vötnum. Er því mikilvægt að ekki sé gerð atлага að áratuga og oft á tíðum árhundruða nýtingu bænda á þessum svæðum.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur